

Reykjavík, 27.8.2018

MINNISBLAÐ**Viðtakandi:** Borgarráð**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Yfirlit yfir fyrirhugaða samninga við 13 tónlistarskóla í Reykjavík vegna kennslu á efri stigum tónlistarnáms og dreifingu framlags Jöfnunarsjóðs milli þeirra

I Almenn

Sveitarfélögum sem ekki reka sjálf tónlistarskóla ber samkvæmt reglum Jöfnunarsjóðs, vegna kennslu á efri stigum tónlistarnáms, að gera samninga við þá aðila sem fá fjármagn vegna verkefnisins. Gerðir eru árlegir samningar á grundvelli úthlutunar frá Jöfnunarsjóði hverju sinni.

Alls er kennt á efri stigum tónlistarnáms í 13 tónlistarskólum í Reykjavík. Það er þó í mjög mismiklum mæli. Fimm tónlistarskólar kenna um 84% af kennslumagninu í borginni á þessum námsstigum. Dreifing fjármagns byggir á kostnaði hvers skóla vegna kenndra stunda, líkt og við gerð samninga um kennslu á neðri stigum.

II Samningar vegna 2018-2019

Hér fyrir neðan er yfirlit yfir upphæðir í fyrirhugðum samningum vegna skólaársins 2018-2019 og lágmarkskennslumagn á árinu reiknað út samkvæmt reglum Jöfnunarsjóðs. Upphæðir eru birtar með fyrirvara um úthlutun og byggjast á upplýsingum frá Jöfnunarsjóði sem áætlað framlög til Reykjavíkurborgar 271.619.662 kr. vegna skólaársins 2018-2019.

(sjá <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=b94c881c-632c-11e8-942c-005056bc530c&>)

Tónlistarskólar í Rvk - efri stiga kennsla	Hlutfall m.v. upph. JS	Lágmarks- fjöldi stunda
Allegro Suzukitónlistarskólinn	719.459	48
Nýi tónlistarskólinn	19.250.390	1.283
Píanóskóli Þorsteins Gauta ehf	5.274.635	352
Suzukitónlistarsk. í Reykjavík	12.364.380	824
Söngskólinn Domus Vox ehf	10.272.410	685
Söngskóli Sigurðar Demetz ses (áður Siegfried ehf)	66.906.297	4.460
Söngskólinn í Reykjavík	80.090.522	5.339
Tónlistarskólinn í Grafarvogi ehf	7.092.676	473
Tónskóli Eddu Borg ehf	1.451.542	97
Tónskóli Sigursveins D. Kr.	48.293.885	3.220
Tónskóli Þjóðkirkjunnar	14.090.716	939
Tónskólinn DO-RE-MI	4.807.838	321
Tónlistarskóli Árbæjar	1.004.913	67
Samtals	271.619.662	18.108